

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, frístundabyggð í Hveramýri, Reykjadal, Grafarbakka II og Syðra-Langholti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Reykjadalur, Dalabyggð: Frístundabyggðarsvæðin F7 og F8 verða skilgreind sem eitt svæði F7.
- Reykjadalur, Hólabýfi: Landnotkun á 11 ha svæði breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.
- Grafarbakki II: Svæði fyrir frístundabyggð stækkar úr 17 ha í 46 ha.
- Hveramýri: Landnotkun á 6 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
- Syðra Langholt: Landnotkun á 25 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.